



Mánaðamót

1. júní 2026

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – júní 2026

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1	2 Kynning á fasteignamati 2027 (HMS) Verðbólga á evrusvæðinu	3 Fundargerð peningastefnufndar (SÍ) Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar (SÍ)	4 Greiðslujöfnuður við útlönd á 1F (SÍ)	5 Fjöldi starfandi í apr. (HAG) Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
8	9	10 Brottfarir um Keflavíkurlflugvöll (FMST) Verðbólga í Bandaríkjunum	11 Skráð atvinnuleyi (VMST) Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Evrópu	12
15	16 Greiðslumiðlun í maí (SÍ) Vísitala íbúðaverðs í maí (HMS)	17 Vísitala leiguverðs í maí (HMS) Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Bandaríkjanna Verðbólga í Bretlandi	18 Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS) Ölgerðin birtir afkomutilkynningu Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka	19
22	23	24 Vísitala launa (HAG)	25 Velta skv. VSK-skýrslum í mar.-apr. (HAG)	26 Vísitala neysluverðs í júní (HAG) Hagvísar (SÍ)
29	30 Gistinætur í maí (HAG) Hagar birta árshlutauppgjör			




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,07% á milli mánaða í maí og verðbólga lækkaði úr 5,2% í 5,1%. Við spáðum 0,13% lækkun á milli mánaða og að verðbólgan myndi lækka í 4,9%. Maí er sjötti mánuðurinn í röð þar sem verðbólga er yfir 4,0% efri vikmörkum verðból gumarkmiðs Seðlabankans.


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Breyting á samsetningu ársverðbólgu

Flugfargjöld til útlanda hafa langmest áhrif til hækkunar á ársverðbólgu á milli mánaða. Lækkun á virðisaukaskatti á bensín hefur á móti áhrif til lækkunar, en Hagstofan metur heildaráhrif virðisaukaskattsbreytingarinnar á vísitölu neysluverðs 0,32% til lækkunar. Það þýðir að hefði ekki komið til þessara stjórnvaldsáðgerða hefði ársverðbólgan hækkað í 5,5% í stað þess að lækka í 5,1%.




Horfur næstu mánuði

Spá okkar fyrir næstu mánuði er 0,60% hækkun á milli mánaða í júní, 0,50% í júlí og 0,03% í ágúst. Gangi spáin eftir mun ársverðbólga mælast 4,9% í júní, 5,0% í júlí og 5,2% í ágúst. Mesta breytingin frá fyrri spá okkar er að nú gerum við ráð fyrir hærri flugfargjöldum til útlanda og hærri reiknaðri húsaleigu.

Verðbólguþspá


Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Matur og drykkjarv. Föt og skór Húsnæði
Húsg. og heimilisb. Bensín Flugfargjöld til útlanda
Annað VNV

Verðbólguþspá

Ársverðbólga



Fyrri spá (birt 13. maí) Núverandi spá (birt 28. maí) Verðbólga




Stýrivextir

Peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig í maí. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar okkar og studdu allir nefndarmenn ákvörðunina. Nefndin gaf skýrt til kynna að hún væri tilbúin til að hækka vexti enn frekar ef þess þyrfti þótt það gæti hægt enn frekar á efnahagssumsvifum. Næsta ákvörðun er 19. ágúst og eru því 13 vikur á milli ákvarðana í þetta sinn.

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Vikur frá s. ákv.	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	11	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	6	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	7	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	15	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	6	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	7	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	11	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	9	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	13	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	7	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026	11	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
18. mar. 2026	6	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB	ÁÓP, HS		7,50%
20. maí. 2026	9	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
19. ágú. 2026	13					
7. okt. 2026	7					
18. nóv. 2026	6					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Peningamál 2026/2

Samhliða vaxtaákvörðuninni 20. maí birti SÍ *Peningamál* með nýrri hagspá. Bankinn hækkaði verðbólguþá sína verulega frá því í febrúar. Hann gerir ráð fyrir svipaðri verðbólgu á öðrum ársfjórðungi og við, eða um 5,0%. Bankinn býst síðan við að verðbólga aukist nokkuð á síðari hluta ársins og mælist 5,2% á þriðja ársfjórðungi og 5,5% á þeim fjórða. Bankinn lækkaði hagvaxtarþá sína í ár úr 2,0% í 1,8%. Bankinn gerir núna ráð fyrir minni einkaneyslu og fjárfestingu í ár, en á móti aðeins meiri útflutningi.

Verðbólguþá SÍ




Hagvaxtarþá SÍ




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði lækkaði innan mánaðar í maí til tveggja ára (4,1% í lok mánaðar, -0,6 prósentustig innan mánaðar), til fimm ára (3,8% í lok mánaðar, -0,6 prósentustig innan mánaðar) og til tíu ára (3,8% í lok mánaðar, -0,3 prósentustig innan mánaðar).

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstyrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 4,0% í maí (-0,1 prósentustig milli mánaða). Raunstyrivextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,5% (+0,2 prósentustig á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,6% (+0,2 prósentustig á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstyrivextir




Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs var óbreytt á milli mánaða í apríl og lækkaði árshækkun vísitölunnar úr 2,6% í 2,2%. Raunverð íbúða hefur nú lækkað sex mánuði í röð. Ef vísitala íbúðaverðs er leiðrétt fyrir almennt verðlag (VNV án húsnæðis) nemur lækkunin í apríl um 2,5% á milli ára. Alls voru undirritaðir 727 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði í apríl. Kaupsamningum fækkaði talsvert á milli ára, eða um 20% borið saman við apríl 2025.

Vísitala íbúðaverðs og leiguverðs

Breyting á milli ára



Undirritaðir kaupsamningar *)




*) Janúar 2024 til september 2024 er án uppkaupa Þórkötlu og kaupa Grindvíkinga
Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun




Verg landsframleiðsla

Samkvæmt fyrsta mati Hagstofunnar mældist 2,7% hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi. Bæði einkaneysla og samneysla jukust á milli ára, en verulegur samdráttur var í fjármunamyndun á milli ára. Í heild dróst innlend eftirspurn saman. Hagvöxtur á ársfjórðungum skýrist af jákvæðu framlagi utanríkisviðskipta vegna samdráttar í innflutningi.




Atvinnuleysi og fjöldi starfanda

Bæði tölur um skráð atvinnuleysi og fjölda starfandi skv. staðgreiðsluskrám benda til þess að það sé að hægja á vinnumarkaði. Skráð atvinnuleysi var 4,6% í apríl, 0,7 prósentustigum meira en í apríl 2025. Starfandi samkvæmt skrá fækkaði um 0,4% á milli ára í mars. Hagstofan birtir fjölda starfandi í apríl föstudaginn 5. júní.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Alls nam greiðslukortavelta heimilanna um 111 mö.kr. í apríl og dróst saman um 5,8% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Svo mikið hefur hún ekki dregist saman síðan í febrúar 2021. Kortavelta innanlands dróst saman um 8,2% á milli ára í apríl, sem er mesti samdráttur síðan í október 2020. Þetta er þriðji mánuðurinn í röð þar sem kortavelta innanlands dregst saman, en samdrátturinn var þó mun minni í febrúar og mars. Kortavelta erlendis jókst lítillega, eða um 2%, sem er töluvert minni vöxtur en síðustu mánuði.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 8,0 mö.kr. í apríl og þar af voru hrein ný óverðtryggð lán 8,5 ma.kr. og hrein uppgreiðsla á verðtryggðum lánum 0,5 ma.kr. Apríl er fjórði mánuðurinn í röð sem heimilin taka meira af óverðtryggðum lánum hjá viðskiptabönkunum en verðtryggðum. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í apríl verða birt fimmtudaginn 4. júní.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Á fyrsta ársfjórðungi var 29,3 ma.kr. afgangur af þjónustujöfnuði og 23,4 ma.kr. halli af vöruskiptajöfnuð. Alls var því 5,9 ma.kr. afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði á ársfjórðungnum. Þetta er mun hagfeldari niðurstaða en á sama í fyrra þegar 66,5 ma.kr. halli var af vöru- og þjónustujöfnuði. Skýrist viðsnúningurinn aðallega af mun minni vöruinnflutningi, en óvenju mikið var flutt inn af tölvubúnaði fyrir gagnaver á fyrsta ársfjórðungi 2025.




Staðan í ferðaþjónustu

Um 149 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlugvöll í apríl, nokkurn veginn jafn margir og í sama mánuði í fyrra. Frá ársbyrjun er fjöldi erlendra ferðamanna nánast sá sami og á sama tímabili í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlendis dróst saman um 11,9% á milli ára á föstu verðlagi og um 6,2% á föstu gengi í apríl. Gistinóttum útlendinga á hótelum fækkaði um 2,4% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns



Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar


Krónan er búin að vera mjög stöðug á móti evrunni síðustu mánuði, en hefur styrkst á móti bandaríkjadal vegna innbyrðis hreyfinga evru og bandaríkjadals. Krónan styrktist lítillega gagnvart evrunni í maí og í lok mánaðarins stóð evran í 143,2 (-0,8 krónur innan mánaðarins). Krónan veiktist lítillega á móti bandaríkjadal og stóð hann í 123,2 krónum (+0,1 krónur innan mánaðar) í lok mánaðarins.




Gjaldeyrarviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Þann 8. maí tilkynnti Seðlabankinn að hann hyggðist hefja aftur reglubundin gjaldeyriskaup. Bankinn hyggst kaupa 6 milljónir evra á viku. Kaupin fara fram á þriðjudögum og fimmtudögum, 3 milljónir evra hvorn dag. Bankinn hóf tímabil reglubundinna kaupa þriðjudaginn 12. maí og er fyrirhugað að því ljúki fimmtudaginn 15. október. Miðað við þessi áform mun bankinn kaupa 138 milljónir evra, eða um 20 ma.kr.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í maí

- 4. maí: Hagsjá: Sólmyrkvinn gæti skapað verðbóluskot á versta tíma
- 8. maí: Hagsjá: Stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði – spáum þó lítils háttar veikingu
- 12. maí: Hagsjá: Spáum 4,9% verðbólgu í maí
- 13. maí: Hagsjá: Spáum 0,25 prósentustiga hækkun stýrivaxta í næstu viku
- 19. maí: Hagsjá: Vísbendingar um að einkaneysla gefi eftir
- 20. maí: Hagsjá: Vextir hækkaðir og horfur versnandi
- 27. maí: Hagsjá: Seigla í ferðabjónustunni þrátt fyrir mikla óvissu
- 28. maí: Hagsjá: Verðbólga hjaðnar í 5,1%
- 29. maí: Hagsjá: Gagnaver og einkaneysla skýra hagvöxt

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

